# MAT Á ÁHRIFUM LAGASETNINGAR*

*– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017*

*umfjöllun um einstök efnisatriði misjafnlega ítarleg, eftir umfangi máls og eðli

| | |
|---|---|
| **Málsheiti og nr.** | Frumvarp til laga um breytingu á lögum um veiðigjald, nr. 145/2018 – MAR24060061 |
| **Ráðuneyti** | Matvælaráðuneyti/skrifstofa sjávarútvegs |
| **Stig mats** | ☐ Frummat, sbr. 1. gr.<br>☒ Endanlegt mat, sbr. 10. gr. |
| **Dags.** | 11. september 2024. |

## A. Greining og mat á fjárhagslegum áhrifaþáttum fyrir ríkið

1. **Áætluð fjárhagsáhrif fyrir ríkið vegna helstu breytinga og ráðstafana sem felast í fyrirhugaðri lagasetningu, þar sem tilgreindir eru sérstaklega áhrifaþættir á fjárhag ríkissjóðs**

   Verði frumvarpið að lögum kallar það ekki á aukin útgjöld fyrir ríkissjóð.

2. **Tekjubreytingar**

   Tekjuaukning mun eiga sér stað verði frumvarpið að lögum og breytingar gerðar á lögum um veiðigjald, nr. 145/2018. Í áformuðu frumvarpi eru lagðar til breytingar sem stefna að því að uppfylla að hluta til markmið fjármálaáætlunar 2025-2029 og mun framangreind breyting hafa mest áhrif á þær útgerðir sem stunda uppsjávarveiðar. Miðað við þær forsendur sem liggja fyrir mun hækkun veiðigjalds á uppsjávartegundir leiða til um eins milljarðs króna hækkunar á tekjum ríkisins í meðalári en á móti mun niðurfelling 10% álags á uppsjávarstofa lækka tekjur ríkissjóðs um 200 milljónir króna og heildaraukning á tekjum ríkissjóðs muni nema um 800 milljónum króna. Nokkur óvissa er um þær heildartekjur sem breytingin muni skila þar sem veiðigjald byggir á aflaverðmæti nytjastofna og ráðgjöf um leyfilegan heildarafla hverrar tegundar fyrir sig, sem liggur ekki fyrir nema í ár í senn og því veruleg óvissa um það hver þróun veiðigjaldsins verður þegar litið er til lengra tímabils en yfirstandandi fiskveiðiárs. Ákveðin óvissa er einnig um það hverju niðurfelling heimilda til að draga veiðigjald frá tekjuskattsstofni muni nákvæmlega skila í tekjum ríkissjóðs. Það ræðst m.a. af því að ekki er unnt að ganga út frá því að allir sem greiða veiðigjald séu með jákvæðan tekjuskattsstofn, m.a. vegna taprekstrs eða nýtingu eldra taps. Líklegt má þó telja að heildartekjuskattur á lögaðili sem greiða veiðigjald kunni að hækka um 10-20% af því sem nemur greiddu veiðigjaldi ár hvert.

3. **Útgjaldabreytingar**

   Ekki er gert ráð fyrir að samþykkt frumvarpsins hafi áhrif á útgjöld ríkissjóðs.

4. **Eignabreytingar**

   Á ekki við.

5. **Aðrir áhrifaþættir varðandi ríkisfjármál**

   Á ekki við.

## B. Samræmi við útgjaldaramma og fimm ára fjármálaætlun – fjármögnun

1. **Hefur verið gert ráð fyrir þeim fjárhagsáhrifum á málaflokk sem leiða kunna af samþykkt frumvarpsins: -**
   a) í gildandi fjárlögum - Nei
   b) í fjárlagafrumvarpi komandi árs - Já
   c) í fimm ára fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar – Já

2. **Hafi ekki þegar verið gert ráð fyrir útgjöldum við verkefni, hvernig er þá ætlunin að finna þeim stað innan útgjaldaramma málaflokks t.d. með tilfærslu fjármuna eða með því að draga úr öðrum útgjöldum?**
   Á ekki við.

3. **Tengist einhver ný eða aukin tekjuöflun verkefninu?**
   Málið snýr að aukinni tekjuöflun fyrir ríkissjóð með hækkun veiðigjalds á uppsjávartegundir og afnámi heimildar til að draga veiðigjald frá tekjuskattsstofni sem rekstrarkostnað.

## C. Efnahagsáhrif – áhrif á atvinnulíf, vinnumarkað og samkeppni

1. **Hagræn áhrif á heildareftirspurn og einstaka markaði – hagstjórnarsjónarmið**
   Frumvarpið kann að hafa áhrif á samkeppnishæfni lögaðila og þeirra sem greiða veiðigjald, sem nánar er fjallað um í frumvarpinu.

2. **Áhrif á fyrirtækjaeftirlit og reglubyrði, hversu mörg fyrirtæki verða fyrir áhrifum og hvers konar fyrirtæki? Einföldun laga eða stjórnsýslu? Leitað umsagnar ráðgjafarnefndar um opinberar eftirlitsreglur? Sbr. lög nr. 27/1999.**
   Á ekki við.

3. **Samkeppnisskilyrði**
   Með breyttu fyrirkomulagi gjaldtöku veiðigjalds á uppsjávartegundir mun það einkum hafa neikvæð áhrif á þá aðila sem hafa skip með aflamark í uppsjávartegundum. Með áformaðri breytingu er einnig verið að hækka veiðigjald með því að fella brott heimild til að draga veiðigjald frá tekjuskattsstofni sem rekstrarkostnað. Nánar er fjallað um áhrif frumvarpsins á samkeppnisskilyrði í drögum frumvarps til laga um breytingu á lögum um veiðigjald.

## D. Önnur áhrif

1. **Áhrif á fjárhag sveitarfélaga, sbr. 129. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011**
   Á ekki við.

2. **Áhrif á frelsi til að veita þjónustu (með eða án staðfestu á Íslandi)**
   Á ekki við.

3. **Áhrif á tæknilegar reglur um vöru og fjarþjónustu, sbr. lög nr. 57/2000**
   Á ekki við.

4. **Áhrif á byggðalög**
   Á ekki við.

5. **Áhrif á frjáls félagasamtök**

Á ekki við.

6. **Áhrif á jafnrétti kynjanna**

Frumvarpið hefur áhrif á útgerðaraðila sem greiða veiðigjald. Ekki liggja fyrir kyngreind gögn um þá aðila sem greiða veiðigjald. Til þess að fá heildarmynd af áhrifum frumvarpsins væri hugsanlegt að fara í rannsóknir til þess að afla þessara gagna. Breytingin er ekki talin hafa mælanleg áhrif á jafnrétti kynjanna.

7. **Áhrif a lýðheilsu**

Á ekki við.

8. **Áhrif á menntun, nýsköpun og rannsóknir**

Á ekki við.

9. **Áhrif á möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að eiga samskipti þvert á norræn landamæri**

Á ekki við.

10. **Áhrif á stjórnsýslu, s.s. hvort ráðuneyti og stofnanir eru í stakk búin til að taka við verkefni**

Um er að ræða útreikning og álagningu opinbers gjalds sem fellur að hefðbundnum stjórnsýsluverkefnum Fiskistofu og verkefnum Skattsins skv. lögum um veiðigjald, verði frumvarpið að lögum.

11. **Áhrif á stöðu tiltekinna þjóðfélagshópa, s.s. aldurshópa, tekjuhópa, mismunandi fjölskyldugerðir, launþega/sjálfstætt starfandi/utan vinnumarkaðar**

Á ekki við.

12. **Áhrif á umhverfi og sjálfbæra þróun**

Á ekki við.

## E. Niðurstaða mats – með vísun í fylgiskjöl ef við á

1. **Samandregin niðurstaða fjárhagsáhrifa fyrir ríkissjóð – heildarútkoma varðandi tekjur, gjöld, afkomu og efnahag**

Í áformuðu frumvarpi eru lagðar til breytingar sem stefna að því að uppfylla að hluta til markmið fjármálaáætlunar 2025-2029 og mun framangreind breyting hafa mest áhrif á þær útgerðir sem stunda uppsjávarveiðar. Miðað við þær forsendur sem liggja fyrir mun hækkun veiðigjalds á uppsjávartegundir leiða til um eins milljarðs króna hækkunar á tekjum ríkisins í meðalári en á móti mun niðurfelling 10% álags á uppsjávarstofa lækka tekjur ríkissjóðs um 200 milljónir króna. og heildaraukning á tekjum ríkissjóðs muni nema um 800 milljónum króna. Nokkur óvissa er um þær heildartekjur sem breytingin muni skila þar sem veiðigjald byggir á aflaverðmæti nytjastofna og ráðgjöf um leyfilegan heildarafla hverrar tegundar fyrir sig, sem liggur ekki fyrir nema í ár í senn og því veruleg óvissa um það hver þróun veiðigjaldsins verður þegar litið er til lengra tímabils en yfirstandandi fiskveiðiárs. Ákveðin óvissa er einnig um það hverju niðurfelling, heimildar til að draga veiðigjald frá tekjuskattsstofni, muni nákvæmlega skila í tekjum ríkissjóðs. Það ræðst m.a. af því að ekki er unnt að ganga út frá því að allir sem greiða veiðigjald séu með jákvæðan tekjuskattsstofn, m.a. vegna tapreksturs eða nýtingu eldra



DRÖG

taps. Líklegt má þó telja að heildartekjuskattur á lögaðili sem greiða veiðigjald kunni að hækka um 10-20% af því sem nemur greiddu veiðigjaldi ár hvert.

2. **Önnur áhrif en bein fjárhagsáhrif, álitamál eða fyrirvarar sem ástæða þykir til að vekja athygli á**

   Auknar líkur á að markmiðum fjármálaáætlunar 2025 – 2029 verði að hluta til náð.

3. **Samfélagslegur ávinningur veginn á móti kostnaði og fyrirhöfn (ekki gerð krafa um tölulegt mat)**

   Á ekki við.

## F. Til útfyllingar vegna endanlegs mats – breytingar frá frummati

1. **Voru áform um lagasetninguna ásamt frummati á áhrifum kynnt fyrir FJR?** Já
2. **Eru helstu efnisatriði frumvarpsins óbreytt/lítið breytt frá þeim tíma?** Já
3. **Ef gerðar hafa verið breytingar umfram það, sbr. það frummat á áhrifum frumvarpsins sem áður var kynnt, hverjar eru þær og hver eru fjárhagsáhrifin?** Á ekki við.

DRÖG